

Fundur 3.3.2025 Guðrún Elsa Þorsteinsdóttir.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Gaman að komast í sambandið aftur. Hef ég reynt að komast í sambandið áður oft, en ekki tekist.

Og vona ég að orkan nægi mér til að segja nokkur orð og ná fram erindi mínu, og er hér ævinlega nóg að starfa og mörgu frá að segja, en ekki er það alltaf auðvelt að tala hér fyrir framan, standa í púlti og ná sambandi.

En þóttist ég hafa notið þess vel að hafa kynnt mér þessar kenningar, áður en ég hvarf af jörðinni og var ég fljót að ná mér er ég hingað kom, en hef ég haft áfram áhyggjur af ættingjum mínum og ykkur sem á jörðinni eruð.

Og hef ég þó ekki hætt að gleðjast yfir umskiptunum, að vera komin í ungan líkama og hraustan, og finn ég mjög til þess sem ykkar gamli samstarfsmaður og forystumaður í félaginu, sagði við mig, þegar við töluðum saman um veikindi í minni ætt, að Nýalssinnar væru stundum fyrir óvenju miklum áhrifum og árásum frá Jahve, fyrir að standa í fararbroddi þessarar lífstefnu, og var það Ingvar Agnarsson sem mælti þessi orð, og biður hann að heilsa ykkur og sumuleiðis Þorsteinn frændi minn.

Og, nei ekki sá Þorsteinn, (Guðjónsson), heldur pabbi,

*Ert þú móðir Þorsteins Víkings ?*

Já Guðrún Elsa.

*Já vertu velkomin.*

Já ég vildi reyna að efla þá syni mína og senda þeim kveðju, og sérstaklega Þórarinn,

*Já það gengur eitthvað illa hjá honum.*

Og hef haft miklar áhyggjur, og gleðst þó yfir því að Þorsteinn hefur unnið að húsinu og vona að það takist að koma á sætti milli þeirra, og þau njóti þess að vera þar.

Faðir minn og aðrir eru einmitt að hugsa um þetta líka, og hafa þeir hér, höfum við hér lengi búið á góðum stað, þar sem staðhættir eru ekki ósvipaðir, en við hugsum til ykkar mikið, og ég hugsa til systra minna og annara, reyni að senda þeim orku, og Sveinn maður minn sumuleiðis biður að heilsa.

*Já takk.*

Og finnst okkur miður hvað illa gengur að lækna ýmsa, en vonum að það verði bót á því.

Ritstörfum hefur hann sinnt áfram og vill hann vissulega komast í samband við ykkur, faðir minn aftur,

*Já, já.*

Og er hér margt af því að segja, höfum við maður minn, fengið hér að vera hjá þeim, eins og tíðkast, og líður okkur hér vel.

*Ung og ástfangin ?*

Já það má alveg segja það, en skyggir það mjög á, að það eru önnur veikindi hjá ykkur, en svo hef ég einnig verið að hugsa um aðra sem þið hafið nefnt á fundunum, og við höfum mætt á alla þessa fundi, við hjónin, og reynum að senda þeim orku, sem sitjarar.

En það er nú margt að læra hér á nýjum stað og maður undrast mikið yfir töfrum náttúrunnar, og tíminn fer í ferðalög og annað, og maður þarf að skoða sig um.

Ég hef reynt að senda þeim orku líka, foreldrum og konu hans í Rússlandi, og gladdi það mig mjög að einn þeirra komst í gegn hér í kvöld.

Já langt er síðan Þorsteinn Guðjónsson frændi minn komst í, nei hann er ekki frændi, hann er,

*Mágur þinn.*

Já, og hann hefur ætlað að koma með erindi, en það hefur tafist, og vona að það gangi fljótlega.

*Það kemur örugglega.*

*Svo langar okkur að heyra frá rannsóknum mannsins þíns, við flutninginn.*

Já já einmitt einmitt, það hefur, það þarf að hvetja hann til þess.

Og já já það ætti nú að takast, en það er margt sem þarf að sinna, en já hef vissuleg áhyggjur af ykkur sem eru eftir, sonum mínum og Þórarni sérstaklega.

Ég vona að það gangi vel með húsið og þessi samskipti, það er margt sem þarf að athuga í þessu og það getur oft verið svona erfitt í svona málum, en það þarf líka að sleppa því gamla þegar sá tími rennur upp og þá er betra að sætta sig við orðinn hlut og komast að samkomulagi um það allt.

*Jú jú.*

En það var margt fleira sem ég ætlaði að segja, en já hann ætlar að reyna að koma ef það er möguleiki, hann Sveinn.

*Það verður gaman.*

Og það er svo margt sem ég kem ekki orðum að núna, en mér verður hugsað til systranna og hvernig þeim líður og vona að það sé allt í lagi, og við reynum að efla þær, og ykkur öll eins og hægt er.

*Já það hjálpar til.*

Já, mér þótti gott að komast í sambandið og kannski hittist svo á að Sveinn komist fljótlega, vona það.

*Við vonum það, vonandi verður þá sonur ykkar á fundinum.*

Já og og.

*Hann var eitthvað slæmur í maganum, þess vegna kom hann ekki.*

Já þetta eru mjög erfiðir tímar og ég finn að það gengur ekki nógu vel með bróður hans og það er ekki gott.

*Hann hafði talað við frænku ykkar í Ameríku á mánudaginn var, sem hafði lent í svipuðu og Þórarinn, en hún læknaðist, því það var gripið strax inn í sagði hún.*

Já það er nú svo, ég reyni að hafa samband við hennar fólk, gott að þú minntist á þetta.

*Já.*

Ég þakka nú fyrir mig og sendi mínar bestu kveðjur og ég vona að þetta gangi.

*Við vonum það líka og ég skila þessum kveðjum.*

Já verið þið sæl og takk fyrir.

*Já vertu blessuð og þakka þér fyrir, vertu sæl.*